

5.fundur skólaráðs þann 02.03.2016.kl. 8:10 í fundarherbergi.

Skólaráð skipa eftirtaldir fulltrúar skólaárið 2015-2016. (Mættir fulltrúar eru feitletraðir).

Arnheiður Helgadóttir, grenndarfulltrúi, Þórður Ingi Bjarnason, fulltrúi foreldra, Guðrún Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra, Margrét Brynhildur Gunnarsdóttir, fulltrúi kennara, Elín Þráinsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks, Andrea Mist Viggósdóttir, fulltrúi nemenda, Rakel Sigmarsdóttir, fulltrúi nemenda, Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri, Anna Kristín Jóhannesdóttir aðstoðarskólastjóri og Anna María Skúladóttir aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá

- **Framundan:**
 - Þemadagar eru í næstu viku, búið er að ákveða að hafa fjölmenningu sem þema. Gestafyrirlesari kom með fyrirlestur til starfsfólks um daginn, Hulda Karen heitir hún og er sérstaklega fróð um fjölmenningu, þar komu bæði fram hugmyndir og kennsluáferðir, mjög gagnlegur fyrirlestur sem nýtist okkur vel í þemavikunni. Allir árgangar taka þátt í þemavikunni nema 10.bekkur þeir eru að æfa söngleikinn. Við munum blanda árgöngum á stigum þ.e. yngsta stig saman, miðstig saman og unglingastig saman.
 - Í síðustu viku var Bóka- og bíóhátíð hjá Hafnarfjarðarbæ og tókum við virkan þátt í því. Við vorum með bíósýningar á ýmsum stöðum í skólanum. Reynt var að sýna myndir sem nemendur myndu ekki velja sjálfir svo þetta var mjög menningarlegt og skemmtilegt.
 - Kennarar eru búnir að skila inn óskalistum og okkur sýnist að ekki verði miklar breytingar hjá okkur næsta skólaár. Stjórnendur eru byrjaðir að taka starfsmenn í starfsmannasamtöl.
 - Bókaúthlutun til kaupa á bókasafni hefur aukist um helming frá síðasta ári, mjög ánægjulegt þar sem áhersla er á læsi í bæjarfélaginu og mikilvægt að söfnin geti keypt inn nýjar bækur.
 - Tölvukostur er einnig að endurnýjast, við erum búnir að fá 28 borðtölvur, nokkrar fartölvur eru einnig á leiðinni ásamt spjöldum. Spurt var hvort einhver heldur utan um kennslu og ráðgjöf varðandi tæknimál samhliða þessari aukningu en svo er ekki því miður.
- **Skóladagatal 2016-2017.** Við byrjum skólaárið á starfsdögum fyrir kennara frá 8. ágúst. Skólasetning fyrir nemendur verður 22. ágúst og erum að gera breytingu á því að þetta verður ekki skertur dagur hjá nemendum nema 1.bekk. Nemendur í 1.bekk mæta þennan dag með foreldrum í viðtal við umsjónarkennara en nemendur í 2.-10. bekk mæta í skólasetningu og fara svo beint í kennslu. Farið var yfir „bleiku dagana“ sem eru skertir dagar hjá nemendum, þeir eru ekki sömu dagar hjá öllum árgöngum, unglingadeildin er til að mynda með skerta námsmatsdaga en 1.-7. bekkir eru með skerta þemadaga. Samræmd próf verða fyrir 4. og 7.bekk í september en 9. og 10.bekk í mars. Samráðsfundur með foreldrum verða 4. október og 1.febrúar. Vetrarfrí 20.-21. október og 23.-24. febrúar til umræðu hefur komið að hafa eitt vetrarfrí í viku í stað þess að hafa tvisvar tvo daga en það verður þó ekki næsta skólaár. Fimm skipulagsdagar eru yfir skólaárið (sjá skóladagatal). Nemendur verða í jólafrí frá 20.desember til og með 4. janúar. Venja hefur verið hjá 10.bekk að fara í Þórsmörk og verður það einnig þannig næsta skólaár, farið verður 31. maí – 2. júní. Skólaslit verður 8.júní hjá nemendum og kennarar eru í vinnu til 13. júní.
- **Opið skólaþing.** Stefnt var að því að hafa það á Öskudag en því miður náðist það ekki á þessu ári og verður að bíða til næsta veturs.
- **Nemendaaukning:** Næsta skólaár verður aukning á nemendum hjá okkur þar sem verið er að leggja niður miðstig Hjallastefnunnar.

Fleira ekki rætt, fundi slitið 8.55.

Ritari Anna María Skúladóttir